



Reykjavík, 4. maí 2026

MSS26020088

## UMSÖGN

**Viðtakandi:** Velferðarráð

**Sendandi:** Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

### Umsögn um tillögu fulltrúa ÖBÍ um hækkun á útlögðum kostnaði starfsfólks í stoðþjónustu

Á fundi mannréttindaráðs þann 26. febrúar 2026 var samþykkt að vísa svohljóðandi tillögu fulltrúa ÖBÍ um hækkun á útlögðum kostnaði starfsfólks stoðþjónustu til meðferðar velferðarráðs:

*Lagt er til að mannréttindaráð samþykki að óska eftir við velferðarráð að skoða leiðir til að hækka upphæð endurgreiðslu til starfsfólks í stoðþjónustu velferðarsviðs. Borgin hefur boðið starfsmönnum sem sinna stoðþjónustu upp á möguleika á endurgreiðslu fyrir útlögðum kostnaði vegna veitinga og afþreyingu á vinnutíma að hámarki upphæð 5.110 krónur á mánuði. Upphæðin hefur ekki hækkað í takt við verðlagsþróun undanfarinna ára. Óskað er eftir að kannað verði hvort hækka megi upphæðina í 8000 krónur.*

### Umsögn:

Félagslegur stuðningur fellur undir lög nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga og tekur því ekki eingöngu til endurgreiðslu útlagðs kostnaðar vegna afþreyingar með fötluðu fólki. Hugtakið nær jafnframt til allrar stuðningsþjónustu sem veitt er á grundvelli laganna, bæði börnum og fullorðnum, óháð því hvort um er að ræða fatlaða eða ófatlaða einstaklinga.

Verði tillagan samþykkt myndi hún fela í sér aukin útgjöld fyrir velferðarsvið. Á árinu 2025 voru 758 einstaklingar með félagslegan stuðning og um 300 íbúar í íbúðakjörnum og meðalkostnaður á mánuði var um 1,12 m.kr. á mánuði eða 13,4 m.kr. á ári. Verði tillagan samþykkt er ljóst að kostnaðaraukningin gæti numið 630 þ.kr. á mánuði eða 7,5 m.kr. á ársgrundvelli miðað við að nýting á endurgreiddum útlögðum kostnaði verði sambærileg og á árinu 2025. Miðað við fulla nýtingu allra notenda alla mánuði ársins væru útgjöld 64 m.kr. fyrir breytingu en 101 m.kr. eftir breytingu. Þó er nýting alls ekki svo mikil og á árinu 2025 voru um 16% þeirra sem eru með þjónustu sem nýttu útlagðan kostnað og þá bara í sumum mánuðum. Tillagan rúmast ekki innan fjárheimilda velferðarsviðs en mikilvægt er að tryggð verði að gert sé ráð fyrir viðbótarfjármagni til þess að mæta þessum hækkunum ef tillagan verður samþykkt.

Fyrir liggur að félags- og húsnæðismálaráðuneytið vinnur að reglugerð um aðstoðarmannakort, sbr. 8. gr. laga nr. 38/2018 um fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir sem ætluð er til að auka aðgengi fatlaðs fólks, sem þarf aðstoðarmann með sér í félagslegri virkni, að viðburðum án þess að greiða þurfi fyrir stuðningsaðila. Mikilvæg er að Reykjavíkurborg styðji við framkvæmd þessa verkefnis.



Reykjavík